

THL173 – Textílhönnun (frjálst val)

Kennari: Helga Árnadóttir

Kenndar verða mismunandi aðferðir textílvinnslu s.s prjón, hekl, þæfing. Einnig verður kennd yfirborðsmeðferð vefjarefna s.s útsaumur, þrykk og litun. Skoðað verður hvernig þessir þættir tengjast handverkshefð okkar og nútíma hönnun. Nemendur eru hvattir til að nýta sér þessa skoðun á skapandi og listrænan hátt við gerð eigin verka. Nemendur vinna síðan nytjahluti eða myndverk með þeim aðferðum sem kenndar verða. Fjallað verður um vinnslu, eiginleika og meðferð ullar og annara vefjarefna. Nemendur fá innsýn í mynsturgerð og vinna eigin mynstur. Kennslan fer fram í fyrirlestraformi og sem verkleg kennsla.

Markmið áfangans:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- vinnslu ullar fyrr og nú og á þeim hugtökum sem tengjast því ferli
- hvernig hinar mismunandi textílvinnsluaðferðir hafa verið notaðar fyrr og nú og þeim hugtökum sem tengjast þeim

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með prjón, hekl, þæfingu, útsaum, þrykk og litun
- útskýra og fjalla um eigin hugmyndir og vinnu með þeim fagorðum sem tengjast aðferðum, tækni og áhöldum.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna myndverk eða nytjahluti með þeim aðferðum sem hafa verið kenndar
- fylgja eftir eigin hugmynd að fullunnu verki
- til að nýta heimildir og umhverfi sem uppsprettu fyrir eigin sköpun

Verkfæri og efni: Efni til profugerðar og í smærri verkefni er innifalið í áfangagjaldi. Nemendur geta þurft að útvega efni ef þeir velja að vinna stærri verk. Nemendur þurfa að útvega sér prjóna, heklunál og vinnu/hugmyndabók.

Nemendur borga 3500 kr. í áfangagjald.

Námsmat: Áfanginn er próflaus.

- Prufur **30%**
- hugmyndabók/vinnubók **20%**
- önnur verkefni **40%**
- skil og framsetning **10%**

Tímaáætlun:

Vika: 1 - 3 hugmyndavinna - mynsturgerð
endurhönnun – endurnýting
textílfraði (vefjarfraði)

Vika: 4 – 5 þæfing - hugmyndavinna

Vika: 6 - 7 prjón - hugmyndavinna

Vika: 8 – 9 hekl – hugmyndavinna

Vika: 10 – 12 yfirborðsmeðferð textílefnar: útsaumur, þrykk, litun

Vika: 13 – 16 útfærðar eigin hugmyndir með þeim aðferðum sem kenndar hafa verið.
Skil til námsmats í síðustu kennslustund.

Með fyrirvara um breytingar.